

Árni Kjartansson

Fæddur 22. nóvember 1922, dáinn 28. september 2017



Fyrir röskum sex áratugum lyfti lítill hópur fólks grettistaki í jöklarannsóknum á Íslandi. Hvernig stóð á því að þessi hópur náði að áorka svo miklu sem raun ber vitni? Þessi spurning leitar á hugann nú þegar kvaddur er einn þeirra frumkvöðla sem hvað þyngst lögðust á árárnar, Árni Kjartansson, tæplega 95 ára að aldri. Svarið er ekki einhlítt, en það er sennilegt að þyngst á metunum hafi verið samtakamáttur hópsins samfara öruggri forystu. Allir lögðu saman og þannig fékk styrkur hvers og eins notið sín. Sá skriðþungi sem öflugur hópur náði á upphafsárum Jöklarannsóknafélagsins var hvorki sjálfsgæður né sjálfgefinn. Á sex ára tímabili, milli 1951 og 1957 voru byggð hús í Breiðamerkursandi, í Esjufjöllum, Jökulheimum og á Grímsfjalli. Tímaritinu Jökli, fyrsta alþjóðlega vísindatímariti Íslendinga sem kom út með reglubundnum hætti, var hleypt af stokkunum. Vorferðunum, árlegum rannsóknaleiðöngnum á Vatnajökul var komið á. Fyrstu mælingar á þykkt jökla hér á landi voru gerðar í Fransk-Íslenska leiðangrinum á Vatnajökul 1951 og í sérstöku átaki á Mýrdalsjökli og í Grímsvötnum sumarið 1955. Ávaxtanna af þessu átaki njótum við

í dag, en uppbyggingu aðstöðu með smíða jöklahúsa var haldið áfram næstu áratugina. Þar var fylgt þeim takti sem sleginn var í upphafi.

Þessi saga uppbyggingar í þágu rannsókna og ferðamennsku var og er borin uppi af starfi áhugamanna. Fólks sem nýtur þess að takast á við þær áskoranir sem fylgja jöklaferðum. Þar þarf fyrirhyggju, þekkingu, reynslu og rétt hugarfar. Þetta fólk er haldið jöklabakteríunni sem erfitt hefur reynst að lækna fólk af. Sú baktería er hinsvegar góðkynja og færir þeim sem hana hafa tekið og rækta sambandið við jöklana, upplifanir og unaðsstundir í harðri en ægifagurri náttúru Vatnajökuls. Hún viðheldur sér með góðum minningum og traustum vinaböndum.

Árni var í hópi þeirra dugmiklu skíða- og fjallamanna sem Jón Eypórsson leitaði samstarfs við þegar Jöklarannsóknafélaginu var komið á fót. Fram eftir 20. öld voru rannsóknastofnanir fáar og smáar og ekki í stakk búnar til að hrinda af stað stórverkefnum á jöklum uppi. Eftir áratuga starf var Jón kominn á þá skoðun að vænlegasta leiðin til að ná árangri í þessu litla landi væri áhugamannafélag þar sem leiddir væru

saman vísindamenn og öflugir fjalla- og ferðamenn. Skíðafólk úr Ármanni var fjölmennt í þeim harðsnúna hópi sem myndaði fyrsta kjarnann í starfi félagsins. Þeirra á meðal var Árni Kjartansson. Þessi hópur stundaði Jósepsdal á vetrum og tók þar sína fjallabakteríu sem þróaðist svo yfir í jöklabakteríu.

Árni var drífandi og öflugur félagsmaður. Hann átti hugmyndina að því að nýta hið nýfundna Hófsvað á Tungnaá og fara á Vatnajökul um Tungnaárjökul. Til að hrinda hugmyndinni í framkvæmd kom Árni á fyrstu vorferðinni, en hún var farin seint í júní 1953. Þar leiddi hann saman þá Sigurð Þórarinsson og Guðmund Jónasson. Eftir það varð ekki aftur snúið og vorferðir hafa verið farnar árlega alla tíð síðan. Árni var mörg næstu ár einn helsti hvatamaður ferðanna og kom að smíði skálanna í Jökulheimum og á Grímsfjalli. Nú, áratugum síðar, eru ljósmyndir hans mikilvæg heimild um þessar ferðir og fólkið sem tók þátt. Segir það nokkuð um Árna að þegar honum var gefinn slidesmyndaskanni á 85 ára afmælinu settist hann við tölvuna og tók til við að koma myndasafni sínu á tölvutækt form. Hann færði síðan félaginu að gjöf disk með myndum úr ferðum þess á árunum 1953–

1957. Árni var gerður að heiðursfélagi JÖRFÍ á 25 ára afmæli félagsins 1975. Hann var síðan endurskoðandi reikninga þess frá 1975 til 2016 eða í 41 ár.

Fyrstu kynni mín af Árna var þegar ég, átján ára gamall nemandi við Menntaskólann við Sund, gerði mér ferð yfir Gnoðarvoginn í kjörbúðina Vogaver þar sem Árni réð húsum, til að fræðast um fjallgönguafrek hans. Á þessum árum tókum við Ari Trausti Guðmundsson saman fjallaannál í ársrit Alpaklúbbsins og grófum upp ýmislegt um fjallgöngur og klifur. Árni tók mér ljúfmannlega og sagði m.a. frá því þegar hann og nokkrir félagar hans í Flugbjörgunarsveitinni gengu fyrstir manna á Hróttfjallstinda í ágústmánuði 1953 í leit að breskum stúdentum sem hurfu á Öreafjökli.

Ekki var mulið undir Árna Kjartansson. Faðir hans drukknaði þegar hann féll útbyrðis af togaranum Arinbirni Hersi í mars 1933 þegar Árni var tíu ára gamall. Fljótlega eftir það lauk skólagöngu hans því fjölskyldan þurfi á vinnandi höndum að halda til að komast af. Árni varð kjötiðnaðarmaður og síðar kjötkaupmaður í áratugi.



Árni og Hulda við Hvannadalshnúk í brúðkaupsferðinni á Vatnajökul, vorið 1956. Myndin var birt í 6. árgangi Jökuls sama ár. Ljósmynd. Ingibjörg Árnadóttir.

Sé horft til verka og arfleifðar, stórs hóps gjörvilegra afkomenda og langrar ævi við góða heilsu fram á tíræðisaldur, var Árni á fullorðinsárum lengst af sólar-megin í lífinu. Þannig leit hann einnig á málin. Hann taldi það sína mestu gæfu að kynnast eiginkonu sinni, Huldu Filippusdóttur, og eiga með henni langt og gott líf. Þau Hulda tóku þátt í vorferðinni 1955. Sú sem farin var árið eftir varð síðan þeirra brúðkaupsferð. Þá fékk Brúðarbunga sunnan Kverkfjalla nafnið. Ferðin 1956 var með allra lengstu vorferðum, gist var í tjöldum en engir skálar voru þá á jöklinum. Æ síðan héldu þau í sameiningu við sinni góðkynjuðu jöklabakteríu.

Við sem höfum farið í fótspor Árna Kjartanssonar og fleiri frumkvöðla stöndum í þakkarskuld við þetta harðduglega fólk. Árna var annað um Jöklarannsóknafélagið og vildi veg þess sem mestan. Á efri árum hvatti hann okkur áfram til góðra verka og gladdist yfir því þegar vel gekk. Þannig mun minning hans lifa sem eins hins fremsta í hópi þeirra sem ruddu brautina. Fyrir hönd Jöklarannsóknafélagsins votta ég Huldu og öðrum aðstandendum innilega samúð.

Magnús Tumi Guðmundsson



Morsárjökull er 4 km langur skriðjökull í sunnanverðum Vatnajökli, umgirtur allt að 1000–1400 m háum og bröttum fjöllum, Skaftafellsheiði í austri, sem rís upp í um 1385 m við Skarðatind (til hægri á myndinni) og Skaftafellsfjöllum í vestri. Þorvaldur Thoroddsen var fyrstur til að lýsa jökullinn árið 1894, þá lá hann við ystu garða, um 2 km frá núverandi jaðri, tengdur meginjöklinum af þremur ísstraumum, vestari og austari ísfossunum (fyrir miðju) og Birkijökli (fönnin til hægri). Í dag hefur jökullinn þynnst og ísstraumarnir slitnað að mestu frá meginísnum sem fellur fram af klettabeltinu í tilkomumiklum íshrunum. Árið 2007 féll stórt berghrunsflóð á ofanverðan jökullinn að austanverðu og huldi um 1/5 af yfirborði hans. Urðin ásamt einangraða jöklinum undir henni rísa um 50 m hærra en núverandi yfirborð jökulsins. Frá 2007 hafa jökullinn og urðin skriðið um 700–800 m. – *Morsárjökull is a 4 km long outlet glacier in the southern part of the Vatnajökull ice cap, surrounded by 1000–1400 m high and steep mountains. Þorvaldur Thoroddsen was the first to study the glacier in 1894, he described three ice streams from the main ice cap. Today these ice streams are mostly separated from the ice cap and the glacier ice falls down the cliffs in spectacular ice avalanches. In 2007 a large rock avalanche fell on to the uppermost part of the glacier and covered about 1/5 of its surface. The debris mass had an insulating effect on the ice and today it rises about 50 m above the glacier surface.* Texti og ljósm./Text and photo. Þorsteinn Sæmundsson, september 2017.